

Ritvari séð. 19/3'09

Alþingi
Erindi nr. P 136/1363
komudagur 19.3.2009

Fréttablaðið 13. mars 2009

Auðlindaákvæðið og ESB-aðild

Umræðan Helgi Áss Grétarsson skrifar um frumvarp um breytingar á stjórnarskrá Að áliti margra lögspekinga þarf að breyta stjórnarskránni svo að Ísland geti gengið í Ev

Umræðan

Helgi Áss Grétarsson skrifar um frumvarp um breytingar á stjórnarskrá

Að áliti margra lögspekinga þarf að breyta stjórnarskránni svo að Ísland geti gengið í Evrópusambandið (ESB). Þetta byggir fyrst og fremst á því að við inngöngu í ESB yrði óhjákvæmilega umfangsmikið framsal ríkisvalds sem myndi brjóta í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á stjórnarskránni en engar tillögur eru lagðar fram í frumvarpinu sem veita heimildir til framsals ríkisvalds eða önnur frávik frá 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrsta málsgrein 1. gr. téðs frumvarps til breytinga á stjórnarskrá er svohljóðandi: "Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum." Sé litið til ummæla í greinargerð með frumvarpi til stjórnskipunarlaganna þá má ætla að fyrri málsliðurinn kveði m.a. á um að ríkinu sé fenginn eignarréttur á þeim náttúruauðlindum sem enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur sannað eignarrétt sinn á. Um síðari málsliðinn er í greinargerð m.a. fullyrt að hann feli í sér sambærilegar heimildir ríkisvalds og almennt leiði af fullveldisrétti ríkja.

Í 2. mál. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Frumvarpstíllagan um auðlindaákvæði í stjórnarskrá hlýtur að vera bundin þeim forsendum að allar náttúruauðlindir séu eignarhæfar í sjálfu sér og að fiskveiðiréttindi í íslenska fiskveiðistjórnkerfinu séu ekki háð einkaeignarrétti. Séu þessar forsendur réttar, sem hér er engin afstaða tekin til, þá hljóta orðin "ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt" í 1. gr. auðlindaákvæðisins að hafa þýðingu í skilningi eignarréttar, þ.e. ríkið öðlast þær heimildir sem felast í þjóðareignarhugtakinu. Framanrakin ummæli í greinargerð, sem gefa til kynna að inngöngu sé um fullveldisrétt ríkisins að ræða, víkja vart texta ákvæðisins til hliðar.

Geri Ísland aðildarsamning við ESB eru verulegar líkur á að engar varanlegar undanþágur fái frá hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins. Standist forsendur þær sem liggja til grundvallar auðlindaákvæðinu hefði innganga Íslands í ESB væntanlega í för með sér að íslenska ríkið hefði ekki "forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt" fiskveiðiauðlindarinnar á Íslandsmiðum. Verði auðlindaákvæðið að lögum mun innganga Íslands í ESB vera brot á ákvæðinu.

Sú framtíðarsýn er málefnaleg að Ísland eigi að ganga í ESB. Í stað þess að breyta stjórnarskránni í þá veru að engar lagalegar tálmanir séu því í vegi er nú lagt til að bætt verði ákvæði í stjórnarskrá sem geri slíka inngöngu að öllum líkindum torsóttari. Þetta eru merkileg tíðindi, ekki síst ef miðað er við þjóðfélagsumræðuna síðustu misseri um aðild Íslands að ESB.

Höfundur er lögfræðingur.